

Nd.

117. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 7. apríl 1943, um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

Við 1. gr. Framan við greinina kemur:

1. Á eftir A. 10 í 1. gr. laga nr. 37/1943 koma tveir nýir liðir:
 - a. **Úlfarsfellsvegur:** Af Vesturlandsvegi við Úlfarsárbrú um Úlfarsfell, Þormóðsdal og Miðdal á Suðurlandsveg við Geitháls.
 - b. **Reykjavegur:** Af Vesturlandsvegi við Varmárbrú um Álafoss með afleggjara að Reykjalundi, um Reykjahverfi og á Úlfarsfellsveg.
2. B. 10 í sömu lagagr. skal orða svo:

Kleifavegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Kláffossbrú um Kleifar, Norðtungu að Kvíum.
3. Á eftir B. 10 kemur nýr liður:

Stafholtstungnavegur: Af Borgarfjarðarbraut um Hjarðarholt og Arnbjargarlæk á Kleifaveg hjá Högnastöðum.
4. B. 13 í sömu lagagr. skal orða svo:

Hraunhreppsvegur: Af Stykkishólmsvegi hjá Arnarstapa um Hrafnkelsstaði, Laxárholt og Vog að Ökrum.